

FUNDARGERÐ

Árið 2020, föstudaginn 15. október kl. 11:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni, Hrafnkatli Hjörleifssyni og Tinnu Dahl Christiansen, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð frá 25. september 2020

Lögð var fram fundargerð frá 25. september 2020 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð frá 25. september 2020 var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

2. Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2019

Lögð voru fram til kynningar drög af ársreikningi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 2019. Starfsmaður Jöfnunarsjóðs gerði grein fyrir einstökum tekjuliðum, framlögum og rekstrarkostnaði sem fram koma í rekstrarreikningi ásamt eignum og skuldum í efnahagsreikningi. Á árinu 2019 var tekjuafgangur Jöfnunarsjóðsins 46,4 m.kr. samanborið við 38,6 m.kr. árið áður. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 5.207,6 m.kr., skuldir 4.532 m.kr. og eigið fé nam 675,6 m.kr.

3. Greiðslu- og rekstraráætlun 2020

Hækkun framlaga ársins 2020/Viljayfirlýsing ríkisstjórnar

Lögð voru fram til kynningar uppfærð greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2020 (áætlun 4). Að teknu tilliti til stöðu sjóðsins og viljayfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um viðbótarfjármagn í Jöfnunarsjóð var fjallað um mögulega hækkun framlaga úr sjóðnum í lok ársins.

4. Sameiningar sveitarfélaga

Vinnureglur

Áframhaldandi umræða frá síðasta fundi um drög að vinnureglum ráðgjafarnefndar vegna úthlutun framlaga á grundvelli a-liðar 1. gr. reglna nr. 782/2020. Lagðar voru fram tvær tillögur af vinnureglum um aðkomu sjóðsins er varðar könnun á hagkvæmni sameiningar, kynningar á sameiningartillögu og framkvæmd atkvæðagreiðslu.

Að lokinni yfirferð ákvað nefndin að fela starfsmönnum sjóðsins að vinna áfram að málinu og stefnt verði að því að klára tillögugerðina á næsta fundi.

5. Viðbótarframlög vegna snjómoksturs

Sveitarfélagið Skagafjörður

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Sveitarfélaginu Skagafirði, dags. 1. október 2020, þar sem óskað er eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði vegna mikilla frávika sem orðið hafa á kostnaði vegna snjómoksturs á árinu.

Í ljósi þess að nefndin hefur fyrr á þessu ári hafnað sambærilegum beiðnum um viðbótarframlag vegna snjómoksturs ákvað nefndin að synja beiðni sveitarfélagsins um framlag.

6. Efling tónlistarfræðslu

Lágmarks kennslustundafjöldi

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 13. október 2020, ásamt útreikningum. Samkvæmt 5. gr. samkomulagsins um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms er skipuð samráðsnefnd. Hlutverk samráðsnefndar er að fylgjast með framkvæmd samkomulagsins og koma með tillögur um viðbrögð við álitamálum sem geta komið upp. Í nefndinni eru fulltrúar frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Ákveðið var að kalla nefndina saman til að fara yfir erindi Söngskóla Sigurðar Dementz og Söngskóla Reykjavíkur sem borist hefur mennta- og menningarmálaráðuneytinu, ásamt því að fara yfir upplýsingar um fjölda nemenda og kennslumagn í upphafi nýs skólaárs. Haldnir voru þrjú fundir þar sem farið var yfir málið, fjármögnun tónlistarkennslunar almennt og málið rýnt heildstætt.

Hér á eftir má sjá drög að niðurstöðum samráðsnefndarinnar:

- Söngskóli Sigurðar Demetz og Söngskólinn í Reykjavík eiga í fjárhagsvanda vegna kjarasamningsbundinna hækkana sem komu í haust, til viðbótar við þær kjarabætur sem áður höfðu verið gerðar.
- Samsvarandi vandi steðjar að fleiri tónlistarskólum sem falla innan samkomulags um stuðning við tónlistarnám.
- Samráðsnefndin metur heildaráhrifin af umræddum kjarasamningshækkunum 1. september 2020 um 20 m.kr. á þessu ári og a.m.k. jafn háa fjárhæð á næsta ári. Miðað við útreikningana má áætla að söngskólarnir tveir til samans séu vanfjármagnaðir sem nemur um 5 m.kr., þ.e. 2,5 m.kr. hvor um sig.
- Hækka þyrfti jafnframt viðmiðunartölu fyrir verð pr. kennslustund úr kr. 15.000 upp í kr. 16.000.

Ráðgjafarnefndin samþykkti á fundi sínum þann 28. mars sl. áætluð framlög vegna eflingar tónlistarnáms fyrir skólaárið 2020-2021. Samhliða birtingu á áætluðum framlögum hefur jafnframt verið tilgreint lágmarkskennslumagn sem sveitarfélög eiga að kenna. Á síðastliðnum árum hefur verið miðað við 15.000 kr. á kennslustund og hefur þessi fjárhæð verið óbreytt. Tillaga samráðsnefndar er að hækka viðmiðunarfjárhæðina í 16.000 kr. á kennslustund sem myndi hafa þau áhrif að lágmarks kennslustunda fjöldi sem þarf að kenna lækkar. Með þessu móti hafa tónlistarskólar meira svigrúm til að mæta auknum kennslukostnaði með því að draga úr kennslumagni án þess að það hafi áhrif á framlögin.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að hækka viðmiðunarfjárhæð á kennslustund úr 15.000 kr. upp í 16.000 kr. á klukkustund þannig lækkar fjöldi lágmarks kennslustunda sem þarf að kenna.

YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLA

7. Framlög vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna

Tillaga að áætlaðri úthlutun 2021

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 14. október 2020, varðandi 1. áætlun sérþarfa fatlaðra nemenda fyrir árið 2021 ásamt útreikningum. Gert er ráð fyrir að framlagið hækki um 67 m.kr. á milli ára. Upphæðir framlaga til einstakra sveitarfélaga kann að taka breytingum þar sem vinnu er ekki lokið við endanlega áætlun ársins 2020 og byggir áætlunin því á 1. áætlun 2020 ásamt ókláruðum drögum að uppfærðri áætlun 2020.

Ráðgjafarnefnd samþykkti tillögu til ráðherra um áætlaða heildarúthlutun vegna sérþarfa fatlaðra nemenda fjárhagsárið 2021, samtals að fjárhæð 2.757.406.272 kr.

8. Framlög vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál

Tillaga að áætlaðri úthlutun 2021

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 14. október 2020, ásamt yfirliti yfir áætlað framlag vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál 2021. Verkefnastjóri og kennsluráðgjafi vegna íslensku sem annars tungumáls hefur sent inn umsóknir fyrir fjárhagsárið 2021 frá sveitarfélögum vegna samtals 2.916 nemenda með íslensku sem annað tungumál. Búast má við einhverjum fjölda síðbúinna umsókna og því gæti heildarfjöldi þeirra nemenda sem greitt er með breyst en árið 2020 var greitt með alls 3.129 nemendum að upphæð 469.350.000 kr.

Að lokinni umfjöllun samþykkti nefndin tillögu til ráðherra um áætlaða heildarúthlutun vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál, samtals að fjárhæð 437,4 m.kr. ásamt 15,6 m.kr. framlagi til Menntamálastofnunar skv. samningi um starf verkefnisstjóra.

9. Almenn framlög vegna reksturs grunnskóla

Tillaga að áætlaðri úthlutun 2021 – leiðrétt áætlun

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 13. október 2020, ásamt útreikningum. Nefndin samþykkti á fundi sínum 25. september sl. áætluð almenn jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla fyrir árið 2021. Hluti af áætluninni er leiðrétting vegna ársins 2019 að fjárhæð 60. m.kr. Komið hefur í ljós að færðar voru inn rangar tölur vegna leiðréttingar 2019, af þeim sökum þarf að leggja tillögu að áætluðum framlögum fram að nýju til samþykktar.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin leiðréttu tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2021, samtals að fjárhæð 9.780 m.kr.

YFIRFÆRSLA MÁLEFNA FATLAÐS FÓLKS

10. Greiðslu- og rekstraráætlun 2021

Lögð voru fram til kynningar drög að greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2021 vegna yfirfærslu málefna fatlaðs fólks.

11. Almenn framlög vegna fatlaðs fólks

Tillaga að uppfærðri úthlutun framlaga 2020

Lögð voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu drög að 3. áætlun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2020 ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 14. október 2020. Búið er að uppfæra stöðu þjónustu á svæðunum að teknu tilliti til nýliðunar, endurmats, andláts þjónustuþega á árinu og annarra athugasemda sveitarfélaga.

Greiðslur reiknast vegna 1.254 einstaklinga (fjöldgun um 54 frá fyrri áætlun), þar af er greitt með 1.057 á grunni SIS-mats (fjöldgun um 78) og 197 á grunni kostnaðar (fækkun um 24). Meðaltal og miðgildi SIS-mats sem greitt er eftir er 8,0. Skráður kostnaður við þjónustu þeirra sem greitt er með á grunni kostnaðar eru 3,39 ma.kr. (17,2 m.kr. að meðaltali) en var 3,58 ma.kr. (17,0 m.kr. að meðaltali) við fyrri áætlun. Er það tillaga starfsmanna Jöfnunarsjóðs að ný og endanleg áætlun verði gefin út í næsta mánuði þar sem tekið hefur verið tillit til athugasemda þjónustusvæða við meðfylgjandi áætlun.

Að umfjöllun lokinni var nefndin sammála um að bíða eftir viðbrögðum frá þjónustusvæðum og fresta afgreiða erindisins fram á næsta fund nefndarinnar.

12. Almenn framlög vegna fatlaðs fólks

Tillaga að áætlaðri úthlutun 2021/breytingar á aðferðafræði við útreikning framlaga

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að fyrstu áætlun almennra framlaga vegna málefna fatlaðs fólks fyrir árið 2021, ásamt þar að lútandi minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 14. október 2020.

Á síðasta fundi ráðgjafarnefndar, þann 25. september sl., voru reifaðar mögulegar breytingar á útreikningum framlaga. Er það tillaga starfsmanna Jöfnunarsjóðs að taka inn nýja flokkun Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins (GRR) en láta aðrar breytingar bíða til næsta árs. Í því árferði sem nú er, er fyrirséð að þjónustusvæði geti illa brugðist við miklum breytingum á framlögum og sársaukaminnna væri að gera breytingar þegar útsvarsstofninn er sterkari og hækkun framlaga milli ára þ.a.l. hærrí. Jafnframt gefst betri tími til að vinna að mögulegum breytingum og undirbyggja að áhrifin verði vægari, t.a.m. með gerð SIS-mata.

Ný flokkun GRR gefur heilsu- og hegðunartengdum þáttum SIS-matsins meira vægi svo flokkur vanmeti síður stuðningsþörf viðkomandi. Þá er flokkunum fjölgað úr 12 í 18 til að endurspegla betur breytileika þýðisins. Með upptöku nýrrar flokkunar GRR við ákvörðun framlaga mætti hætta sérstökum álagsútreikningum hjá Jöfnunarsjóði. Sú breyting væri til nokkurrar einföldunar á kerfinu þar sem flokkar GRR og flokkur sem ræður framlagi hjá Jöfnunarsjóði yrði einn og hinn sami. GRR notast við þessa nýju flokkun nú þegar við skil á niðurstöðum vegna nýrra SIS-mata. Þeir einstaklingar sem lækka um meira en 3 flokka í nýju kerfi yrði boðið endurmat.

Áætlað framlag vegna málefna fatlaðs fólks vegna ársins 2021 er 17,2 m.kr. sem er hækkun um 400 m.kr. frá fyrra ári, við það bætast 70 m.kr. vegna leiðréttingar á framlögum ársins 2019.

Framlögin reiknast eftir sem áður í hlutfalli við þrjár stoðir:

- Jöfnun á grunni stuðningsþarfar 88%
- Vægi útsvars 10,75%
- Innviðir 1,25%

Að umfjöllun lokinni var ákveðið að leggja til við ráðherra að tillaga að 1. áætlun almennra framlaga fyrir árið 2021 að fjárhæð 17.270.000 kr. verði samþykkt, ásamt því að taka upp hina nýju flokkun frá GRR við útreikninga.

13. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Hafnarfjarðarkaupstaður - Lækur

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 15. október 2020, varðandi aðsent erindi frá Hafnarfjarðarkaupstað. Á fundi ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs þann 28. maí 2019 var tekið til umfjöllunar og afgreiðslu tvö erindi frá Hafnarfjarðarkaupstað um uppbyggingu úrræða er snúa að þjónustu fyrir fatlað fólk. Annað erindið snéri að endurbótum á húsnæði sveitarfélagsins að Hörðuvöllum 1, þar sem Lækur er til húsa, en þar er boðið upp á dagþjónustu og iðju fyrir geðfatlað fólk. Fram kom í umsókn sveitarfélagsins að til hafi staðið að Lækur yrði hluti af endurgerðu húsnæði sveitarfélagsins að Suðurgötu (St. Jósefsspítali) en verið er að endurskoða þau áform og ólíklegt er að af þeim áformum verði. Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samþykkti á fundinum að taka beiðni sveitarfélagsins um kostnaðarþátttöku sjóðsins í framkvæmdinni til greina. Nam samþykkt kostnaðarþátttaka sjóðsins 25% af áætluðum heildarkostnaði að fjárhæð 26.696.840 kr., eða 6.674.210 kr., og ráð var fyrir því gert að greitt yrði úr Fasteignasjóðnum að fullu við lok framkvæmda.

Nú hefur verið ákveðið að flytja starfsemina frá Hörðuvöllum þar sem það húsnæði er talið ófullnægjandi fyrir starfið að Læk. Starfsemin verður flutt í húsnæði í eigu sveitarfélagsins að Staðarbergi. Um er að ræða einbýlishús með góðu aðgengi og mynd henta starfseminni vel. Sótt er um framlag miðað við framkvæmdakostnað að fjárhæð 37.628.000 kr. og næmi kostnaðarþátttaka sjóðsins því 9.407.000 kr. Eldri samþykkt að fjárhæð 6,7 m.kr. yrði þá felld úr gildi.

Að umræðu lokinni samþykkti nefndin að fella eldri samþykkt úr gildi varðandi framlag að fjárhæð 6.674.210 kr. og veita framlag allt að fjárhæð 9.407.000 kr.

14. Ársfundur Jöfnunarsjóðs

Fjallað var um ársfund Jöfnunarsjóðs sem verður haldinn þann 18. nóvember nk. kl. 16:00 á Hilton Reykjavík Nordica. Vegna sérstakra aðstæðna í þjóðfélaginu verða fáir fundargestir á staðnum en í staðinn verður ársfundur Jöfnunarsjóðs streymt á netinu í fyrsta skiptið þar sem þátttakendur geta fylgst með og tekið þátt.

15. Næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar yrði 18. nóvember kl. 11:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:16.

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Daníel Jakobsson

Karen E. Halldórsdóttir

Margrét Þórarinsdóttir

Stefán Vagn Stefánsson